

Kynningarfundur um plöntuverndarvörur



UMHVERFISSTOFNUN

Haldinn á Umhverfisstofnun 26. janúar 2017 – kl. 14-16

Dagskrá:

1. Efnalög nr. 61/2013
– *Björn Gunnlaugsson, teymisstjóri*
2. Markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvörum
– *Björn Gunnlaugsson, teymisstjóri*
3. Notendaleyfi og meðferð varnarefna
– *Helga Ösp Jónsdóttir, sérfræðingur*
Kaffihlé
4. Þvingunarúrræði og viðurlög
– *Marianna Saïd, lögfræðingur*
5. Aðgerðaráætlun um notkun varnarefna
– *Björn Gunnlaugsson, teymisstjóri*
6. Umræður

Efnalög nr. 61/2013

*Kynningarfundur um plöntuverndarvörur
26. janúar 2017*

Björn Gunnlaugsson

Efnalög 61/2013 - Almennt

- Tóku gildi 17. apríl 2013
 - Eldri lög sem féllu úr gildi:
 - Lög nr. 52/1988 upp eiturefni og hættuleg efni
 - Lög nr. 45/2008 um efni og efnablöndur
- Markmið efnalaga:
 - Tryggja að meðferð á efnum valdi hvorki tjóni á heilsu manna og dýra eða á umhverfi
 - Tryggja frjálst flæði á vörum innan EES-svæðisins að því er varðar efni
 - Koma í veg fyrir ólöglega markaðssetningu á efnum

Nýtt í lögum nr. 61/2013

- Almenn aðgæsluskylda og ábyrgð á úrbótum skv. lögum um umhverfisábyrgð
- Nýjar kröfur til markaðssetningar plöntuverndarvara, sæfivara og snyrtivara
- Tollafgreiðsla háð leyfum til markaðssetningar
- Tilkynning um markaðssetningu eiturefna og tiltekinna varnarefna
- Stjórnvaldssekt - nýtt úrræði við brotum

Hlutverk Umhverfisstofnunar

- Upplýsa almenning um hættu af völdum efna
 - Hafa eftirlit með framleiðslu, meðferð og markaðssetningu efna og útbúa eftirlitsáætlun
 - Taka við, varðveita og viðhalda upplýsingum um framleiðendur, innflytjendur, dreifendur og eftirnotendur, þau efni og efnablöndur sem þeir markaðssetja, útgefin markaðsleyfi og notendaleyfi
 - Veita notendaleyfi fyrir:
 - útrýmingarefnum - til eyðingar meindýra
 - plöntuverndarvörum - til notkunar í landbúnaði og garðyrkju (þ.m.t. garðaúðun)
- Birta upplýsingar um leyfishafa á vefsetri stofnunarinnar



UMHVERFISSTOFNUN

Hlutverk Umhverfisstofnunar

- Taka við tilkynningum um markaðssetningu tiltekinna varnarefna og hafa eftirlit með sölu þeirra
- Taka á móti upplýsingum um innflutning frá innflutningsaðilum áður en tiltekin efni og efnablöndur eru tollafgreidd
- Hafa eftirlit með flokkun merkingum og umbúðum efna

Tiltekin varnarefni: varnarefni sem notuð eru í atvinnuskyni



Varúð
 Getur valdið ónæmi í sneringu við húð
 Getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni
 Getur hagsamlega skaðað trám í múrturvörð
Geymist þar sem börn ná ekki til
 Má ekki geyma hjá matvællum og öðrum neysluvörum eða fóðri
 Varst einuandum líða
 Notið viðeigandi hlífðarútgáfu og hlífðarhanska
 Mengið ekki vatni með etniru eða líli þess. (Hreimtið ekki búnað náægt yfirborðsvatni / Komu skal í veg fyrir að mengun verði með afrennsli frá basarhóðum og veaum.)

UMHVERFISSTOFNUN

Efnateymið

- Björn Gunnlaugsson teymisstjóri
 - teymisstjórn, plöntuverndarvörur
- Einar Oddsson
 - flokkun og merking efna og efnablandna
 - snyrtivörur, þvotta- og hreinsiefni
- Helga Ösp Jónsdóttir
 - notendaleyfi, kynningarmál, plöntuverndarvörur
- Ísak Sigurjón Bragason
 - REACH, F-gös, ósoneyðandi efni
- Marianna Said
 - lögfræðingur
- NN (nýr starfsmaður)
 - sæfivörur
- NN (nýr starfsmaður)
 - verkefnastjóri efnaeftirlits,
 - fljótandi eldsneyti

Nordisk
Kemikaliegruppe (NKG)



R4BP 3 - Register for Biocidal Products

7

Helstu verkefni efnateymis

- Greina reglugerðir ESB og skrifa íslenskar reglugerðir.
- Gefa út notendaleyfi fyrir útrýmingarefnum og plöntuverndarvörum.
- Meta umsóknir og gefa út gagnkvæma viðurkenningu á markaðsleyfum fyrir sæfivörum og plöntuverndarvörum.
- Upplýsingagjöf til hagsmunaaðila um löggjöf og breytingar á henni, bæði annarra eftirlitsstjórnvalda og aðila í atvinnulífinu.
 - Halda úti þjónustuborði (Helpdesk) fyrir REACH, CLP og sæfivörur.
- Innflutningseftirlit.
- Upplýsingagjöf á heimasíðu Umhverfisstofnunar og á www.graenn.is. Fræðsla til almennings.
- Þátttaka á norrænum og evrópskum vinnuhópum með tilheyrandi fundarsetu.
- **Gerð eftirlitsáætlunar og eftirlit með efnum, efnablöndum og hlutum sem innihalda efni, óháð starfsleyfi. Ný verkefni framundan.**
- ...

Efnaeftirlit Umhverfisstofnunar

- Stofnunin vinnur að sértækum eftirlitsverkefnum þar sem m.a. er forgangsraðað út frá áhættu.
 - Megináhersla lögð á eftirlit fremst/efst í aðfangakeðjunni líkt og í nágrannalöndum okkar – hjá birgjum.
- Umhverfisstofnun vinnur eftir eftirlitsáætlun sem gildir til 3ja ára í senn þar sem lögð er áhersla á eftirlit þar sem áhættan er mest.
- Farið í skyndieftirlit eftir þörfum í takt við ábendingar sem berast stofnuninni.
- Niðurstöður eftirlits birtar á heimasíðu stofnunarinnar.
 - <https://ust.is/atvinnulif/efni/eftirlit/>

Eftirlitsverkefni sem tengjast plöntuverndarvörum

- Úttekt á tollafgreiðslu 2015
- Plöntuverndarvörur á markaði 2016
- Greining á söluskrám 2015 fyrir plöntuverndarvörur til notkunar í atvinnuskyni
 - sala á plöntuverndarvörum til notkunar í atvinnuskyni, kg af virku efni.
 - Staða notendaleyfis við kaup á PVV
 - > í gildi → útrunnið → aldrei með leyfi

Hlutverk heilbrigðisnefnda sveitarfélaga

- Hafa eftirlit með meðferð, notkun og merkingum efna í starfsleyfisskyldri starfsemi sem heyrir undir þau starfsleyfi sem nefndin gefur út
- Gefa út starfsleyfi fyrir þá sem hyggjast starfa við:
 - Meindýravarnir
 - Garðaúðun



UMHVERFISSTOFNUN


Hlutverk Vinnueftirlitsins

- Eftirlit með notkun, meðferð og merkingu efna á vinnustöðum
- Skoðun á búnaði sem notaður er við dreifingu varnarefna
 - Gildir um vélknúnar dælur
 - Ný reglugerð væntanleg



Hlutverk tollstjóra

- Stöðva innflutning á tilteknum eiturefnum og tilteknum varnarefnum sem hafa ekki markaðsleyfi
- Stöðva innflutning efna og efnablandna sem uppfylla ekki skilyrði efnalaga



Hlutverk Neytendastofu

- Hafa eftirlit með auglýsingum og öðrum svipuðum viðskiptaaðferðum
- Taka við ábendingum frá Umhverfisstofnun um brot gegn 33. gr. efnalaga um auglýsingar
- Upplýsa Umhverfisstofnun um brot á efnalögum sem Neytendastofa verður vör við í almennu markaðseftirliti sínu



Hlutverk Eitrunarmiðstöðvar

.....að taka við upplýsingum frá innflytjanda,
framleiðanda eða öðrum sem ber ábyrgð á
markaðssetningu eiturefnis eða varnarefnis á
Íslandi um efnasamsetningu og eiturhrif efnisins
.....sjá betur síðar



Úr 20. gr. efnalaga - tollafgreiðsla

Ákvæði efnalaga:

- Tilkynna skal um markaðssetningu á leyfisskyldum efnum til Umhverfisstofnunar
- Stofnunin gefur út skráningarnúmer fyrir tollafgreiðslu
- Í upphafi hvers árs skal gera grein fyrir þeim vörum sem markaðssettar voru á undangengnu ári

Núverandi framkvæmd:*

- Þegar vara kemur til landsins þarf að sækja um áritun til Umhverfisstofnunar áður en tollafgreiðsla getur átt sér stað
- Áritað er á vörureikning þar sem fram kemur hvaða vörur er um að ræða og hve mikið af hverri
- Beiðni um áritun jafngildir tilkynningu um markaðssetningu

*Dregist hefur að setja reglugerð um útgáfu á skráningarnúmerum fyrir tollafgreiðslu

Úr 24. gr. efnalaga – tiltekin varnarefni

- Þeir sem setja á markað tiltekin varnarefni, **sem einungis eru ætluð til notkunar í atvinnuskyni**, skulu:
 - tilkynna um það til Umhverfisstofnunar
 - tilgreina ábyrgðaraðila til að hafa umsjón með sölu á tilteknum varnarefnum
 - afhenda Umhverfisstofnun gögn um magn og tegund [...] tiltekinna varnarefna sem sett eru á markað á því formi sem stofnunin tilgreinir.
- ... og eru ábyrgir fyrir því að afhenda einungis þeim tiltekin varnarefni sem eru handhafar gilds notendaleyfis frá Umhverfisstofnun

Úr 34. gr. efnalaga - aðgerðaáætlun

- Ráðherra gefur út til 15 ára áætlun um notkun varnarefna
- Í áætluninni skulu m.a. koma fram
 - mælanleg markmið
 - upplýsingar um notkun varnarefna í landinu
 - tímaáætlun, aðgerðir og stefnumörkun
til að **draga markvisst úr notkun varnarefna** og stuðla að sjálfbærri notkun þeirra.

Úr 35. gr. efnalaga - markaðsleyfi

- Varnarefni [þ.á.m. plöntuverndarvörur] sem sett eru á markað þurfa markaðsleyfi sem Umhverfisstofnun gefur út.
- Óheimilt er að setja á markað varnarefni nema þau hafi fengið markaðsleyfi.
- Umhverfisstofnun er heimilt að veita tímabundið markaðsleyfi* fyrir varnarefni til að leysa bráðan vanda vegna sérstakra aðstæðna og vegna tilrauna.

*hliðstætt við undanþágur í eldri lögum

Úr 54. gr. efnalaga - gjaldtaka

Umhverfisstofnun er heimilt að taka gjald fyrir:

1. Veitingu markaðsleyfa, sbr. 35. gr.
2. Veitingu notendaleyfa
 - Skv. núverandi gjaldskrá er gjaldið kr. 47.000 fyrir nýtt leyfi og kr. 19.000 fyrir endurnýjun
3. Útgáfu skráningarnúmers fyrir tollafgreiðslu [...] leyfisskyldra efna og efnablandna (þ.m.t. PVV)
 - Skv. núverandi gjaldskrá er gjaldið kr. 4.400

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, gjaldskrá fyrir veitta þjónustu hennar.